

Nd.

266. Frumvarp til laga

um heimild handa ríkisstjórn Íslands til þess að stofna til útgáfu tímarits til rökræðna um landsmál.

Flutningsm.: Jón Pálmason, Emil Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands er heimilt að stofna til útgáfu tímarits til rökræðna um stjórnsmál, hagkerfi landsmanna, meðferð mála á Alþingi og annað það, er horfa má til aukins þroska og aukinnar hæfni almennings til áhrifa á stjórn landsins og atvinnuþróun.

2. gr.

Veita skal stjórnsmálaflokkum, þeim er eiga a. m. k. þrjá fulltrúa á Alþingi, kost þess, eftir ákveðnum reglum, að fá prentaðar í tímaritinu ritgerðir um ákveðin málefni, er alla landsmenn varða og orðið hafa að deilumáli milli flokka. Samtímis skal öllum hliðstæðum stjórnsmálaflokkum í landinu gefinn kostur þess að fá í sama hefti birtar ritgerðir um sama efni og af jafnri lengd, miðað við orðafjölda. Skulu allar ritgerðirnar sendar ritnefnd tímaritsins fyrir tilsettan tíma, í innsigliðum umslögum. Opna skal þau öll samtímis og birta síðan ritgerðirnar samtímis, enda séu þær birtingarhæfar að dómi ritnefndar. Um sama efni má birta þrjár ritgerðir í röð frá hverj-

um aðila, en hinar síðari tvær skulu vera styttri en sú fyrsta; önnur að jafnaði helmingi styttri, en hin þriðja aðeins einn fjórði af lengd aðalritgerðarinnar, miðað við orðafjölda. Undanþágu frá þessum ákvæðum má ritnefnd þó veita, ef hún telur þess brýna þörf, en fulls jafnréttis skal jafnan gæta milli flokka.

Í sama hefti skal aldrei vera nema ein aðalritgerð (fyrsta ritgerð) frá hverjum flokki.

Auk greindra ritgerða, sem ákveða skal stað í ritinu sem órofinni heild, má einnig birta þar ávörp æðsta manns ríkisins, svo og ávörp ráðherra, er flutt hafa verið opinberlega.

3. gr.

Ritstjórn skipa þar til kjörnir menn, einn af hverjum stjórnsmálaflokki, þeirra er þess eiga kost að birta ritgerðir í tímaritinu og tjáð hafa sig fúsa til samstarfs á þessum vettvangi, í þeim tilgangi að skýra viðhorf stjórnsmálaflokkanna til einstakra þjóðmála, er tekin séu til umræðu samkvæmt framkominni ósk frá einhverjum þeirra og með samþykki meiri hluta ritnefndar.

Menn þeir, er ritnefndina skipa, skoðast fulltrúar þeirra stjórnsmálaflokka, er þá hafa kjörið, í öllu því, er að útgáfu tímaritsins lýtur.

Hver stjórnsmálaflokkur ber ábyrgð á þeim ritgerðum, er hann fær birtar í tímaritinu.

4. gr.

Tímaritið skal að jafnaði eigi koma út sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Skal afgreiða það ókeypis til sérhvers heimilisföður í landinu, er öðlazzt hefur kosningarrett til Alþingis. Bæjarstjórar og hreppsnefndaroddivitar skulu tilkynna afgreiðslu tímaritsins tölu þeirra manna í bæ eða hreppi, er rétt eiga þess að fá tímaritið afhent. Þeir skulu og veita ritinu móttöku á næstu höfn eða pósthilaafrgreiðslustöð og dreifingu, skal greiða þannig:

5. gr.

Kostnaðurinn við útgáfu tímaritsins, þ. e. útgáfustjórn, efni, útsendingu og dreifingu, greiðist þannig:

Stjórnsmálaflokkarnir kosta sjálfir til ritgerða sinna og bera kostnað af störfum ritnefndar, hver að sinum hluta.

Bæjarsjóðir og hreppssjóðir skulu greiða nauðsynlegan kostnað við flutning og dreifingu ritsins, eftir að það kom á næstu höfn eða næsta pósthilaviðkomustað.

Ríkissjóður greiðir kostnað við prentun ritsins og útsendingu í pökkum til næstu hafnar eða pósthilaviðkomustaðar við heimili viðtakanda.

6. gr.

Til þess að afla fjár upp í þann kostnað, sem af prentun og útsendingu tímaritsins leiðir, skal veita móttöku auglýsingum til birtingar í því, aftan við ritgerðalesmál þess. Þar skulu og verzanir og iðnfyrirtæki, sem rekin kunna að vera af ríkinu eða á þess ábyrgð, birta auglýsingar sínar.

7. gr.

Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um stærð tímaritsins (brot) og annað það, er að gerð þess og tilhögun lýtur.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum. Með mál út af slíkum brotum skal fara að hætti lögreglumála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nokkuð mörg undanfarin ár hefur mjög á því borið, að menn hafi hér á landi og erlendis dregið í efa, að lýðræðisskipulagið væri hið ákjósanlegasta stjórnskipulag. Forðast skal í þessu sambandi að minnst á þau átök, er nú eiga sér stað í heiminum milli einræðis og lýðræðis. Slikt kynni að verða metið sem áreitni. En þess er ekki að dyljast, að svo er um lýðræðisskipulagið sem um önnur mannanna verk, að sitthvað má að því finna. Menn hafa einkum bent á vangetu lýðræðisþjóðanna til þess að sjá öllum borgurum sínum fyrir atvinnu. Menn benda á, að hagsmunastreita einstakra héraða og einstakra stétta gangi oft lengra en góðu hófi gegnir. Má vera, að meira sé úr þessu gert en efni standa til. En vissulega mundi þó ekki saka að gera alvarlega tilraun til þess að auka landsmálaþekkingu kjósenda, ef þess væri kostur. Núlifandi kynslóð hefur séð og heyrt stjórnmalamenn andstæðra flokka ár eftir ár og meir að segja áratug eftir áratug deila um sama málið, án þess að yfirgnæfandi meiri hluti kjósenda vissi frekara eftir en áður full deili á því, enda hvergi átt þess kost að sjá á einum stað sett fram á aðgengilegan hátt sjónarmið allra aðila, svo að kjósandinn gæti sjálfur borið saman málflutning þeirra og rök og myndað sér skoðun á málinu, óhlutdrægt, af eigin athugun. Mjög mikill fjöldi kjósenda les aðeins blöð síns stjórnmalaflokks og litur ekki á rök andstæðinganna. Er þá annað tveggja, að kjósandinn lifir sæll „í pólitískri trú“ og vill ekki láta tæla sig til „villutrúar“, eða hitt, sem ekki mun ótítt, að menn kinoki sér við að styrkja andstöðuflokk fjárhagslega með því að kaupa blöð hans. En hver sem ástæðan er, geta menn tæplega annað en orðið sammála um, að það sé óheppilegt, að kjósandinn leggi dóm á mál eða málstað með atkvæði sínu við kjörborðið, án þess að hafa kynnt sér rök þess, bæði með og móti. Dómari, sem slíkt gerði, mundi verða talinn bregðast skyldu sinni. En í lýðræðisríki tekur kjósandinn sæti dómarsins, er hann gengur að kjörborðinu. Ef hann dæmir eftir rökum og eigin athugun, sýnir hann fullan þegnskap og trúnað við lýðræðið. En hlaupi hann gagnrýnislaust eftir orðum þess, sem hæst galar, sezt hann á bekk með þeim mönnum, sem hirða eigi um rök, en láta hendur skipta. Með því er stefnt í einræðisátt. Það er sannarlega ekkert hégómamál, hvornig menn nota atkvæðisrétt sinn. Á fáum atkvæðum getur það oltið — og jafnvel einu —, hversu hinum mikilvægustu málum er til lykta ráðið. Sé það talið eðlilegt og réttmætt, að afstaða hins almenna kjósenda sé slík til þjóðmálanna, að nægilegt sé að kynna sér þau frá sjónarmiði eins stjórnmalaflokks, er ekki að undra, þó braki í lýðræðisskipulaginu. Þá vantar sjálfa undirstöðu lýðræðisins, vilja og getu hins almenna kjósenda til þess að eiga með atkvæði sínu, sem dómari í dómarsæti, óhlutdrægan þátt í stjórn landsins, þannig að hagsmunir alþjóðar séu hvarvetna settir ofar öllu öðru.

Tímariti því, sem hér er lagt til, að stofnað verði til, ef stjórnmalaflokkarnir fást til samstarfs um það, er ætlað það hlutverk að gefa kjósendum landsins þess kost að fá mál þau, sem á hverjum tíma eru efst á baugi með þjóðinni, rökstudd á einum stað, án óþarfa málalenginga og, að því er ætla má, án persónulegra móðgana, rangfærslna og jafnvel beinna ósanninda, sem oft vill við brenna á þingmálafundum og í flokksblöðum. Verður að telja, að oss beri nokkur skylda til að reyna að losna við þessa þrenningu, ef vér á annað borð viljum teljast til menningarþjóða.

Vér Íslendingar væntum þess, að nú sé þess skammt að biða, að vér öðlumst fullkomið sjálfstæði, með fullri stjórn allra vorra mála. Vér erum stundum kalladír elzta lýðræðisþjóð heimsins og þykjumst af því. En hvað viljum vér gera og hverju viljum vér fórnar til þess að varðveita það lýðræði, sem yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar aðhyllist og vill viðhalda, þrátt fyrir sýnilegar veilur? Til þess þarf vafalaust fleira en eitt. Og þess er því ekki að vænta, að útgáfa tímarits þess, sem hér er gert ráð fyrir, megni ein sér að bæta úr öllu, sem áfátt þykir. En útgáfa þess mætti orka því, ef vel er á haldið og af heilindum unnið, að kjósendur landsins öðluðust mjög miklu haldbetri þekkingu á landsmálum en þeir hafa haft. Hagsmunatogstreita milli stétta kynni að þverra til mikilla muna, og andlegur vopnaburður mundi færast í viðunanlegra horf, því þekkingunni mundi ekki verða boðið hið sama sem vanþekkingunni áður. Slíkur árangur, ef hann nædist, er áreiðanlega þess virði, að tilraun sé gerð til að öðlast hann. Er mál þetta borið fram í því trausti, að um það geti menn þó að minnsta kosti orðið sammála.